

út af fjárnáminu, er hafinn var áður en sýslumaður ónýtti það, hefir bakað honum, og ber því hinum stefnda sýslumanni að greiða áfyrjanda í málskostnað 30 krónur.

Hinn stefnda ráðherra Íslands ber aftur á móti að sýkna algjörlega af kærnum og kröfum áfyrjanda og fellur málskostnaður niður eftir atvikum að því er þá snertir

Því dæmist rétt vera:

Ráðherra Íslands fyrir landssjóðs hönd á að vera sýkn af kærnum og kröfum áfyrjanda, og fellur málskostnaður fyrir yfirdómi niður, að því er þá snertir. Sýslumaður Lárus H. Bjarnason greiði áfyrjanda Bjarna Sigurðssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur, en sé að öðru leyti sýkn af kröfum hans í máli þessu.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 12/1906:

Sigurbjörn Guðleifsson
 gegn
 ráðherra Íslands f. h. landssjóðsins
 og sýslumanni Lárusi H. Bjarnason.

D ó m u r:

Með landsyfirréttardómi 6. nóv. 1905 var áfyrjandinn Sigurbjörn Guðleifsson í Ólafsvík og 2 aðrir menn

dæmdir til að greiða in solidum $\frac{3}{4}$ kostnaðar í sakamáli, er höfðað hafði verið gegn þeim af réttvísinnar hálfu fyrir brot gegn 102. gr. alm. hegningarlaga og var leitt til lykta með téðum dómi. Stjórnarráðið lagði fyrir sýslumanninn í Snæfellsnessýslu að sjá um fullnægingu dómsins, og eftir að dómurinn hafði verið birtur áfrýjandanum 27. desbr. f. á., skrifaði sýslumaður 9. jan. þ. á. hreppstjóranum í Neshreppi innan Ennis bréf þess efnis, að hann jafnframt því að senda honum kostnaðarreikningana í sakamálinu, skoraði á hann að innheimta $\frac{1}{4}$ málskostnaðarins hjá hverjum af hinum 3 dómfeldu að viðbættum $\frac{1}{3}$ af birtingar- og fjárnámskostnaðinum. Segir síðan í bréfinu: »Borgi hinir dæmdu ekki málskostnaðinn þegar í stað, ber að gjöra fjárnám hjá þeim samkv. III. og IV. kafla laga 4. nóv. 1887, og ber yður þá að framleggja við gjörðina yður sendan yfirréttardóm, reikningsendurritið og þetta bréf mitt«.

Þegar hreppstjórinn fékk bréf þetta, birti hann hinum dómfeldu þegar málskostnaðarkröfuna og bréf sýslumanns, en þeir neituðu að greiða málskostnaðinn, bæði sökum þess, að þeir hefðu ályktað að áfrýja landsyfirréttardóminum til hæstaréttar og af því að fullnægingar frestur sá, er í dóminum var ákveðinn 8 vikur, var eigi liðinn. Nokkrum dögum síðar, 23. jan. fór þá hreppstjórinn á heimili áfrýjanda með 2 vottum til þess að taka hjá honum fjárnámi $\frac{1}{4}$ hluta málskostnaðarins auk $\frac{1}{3}$ af birtingar- og fjárnámskostnaði, og er áfrýjandi mótmælti fjárnáminu af sömu ástæðum og fyr, en auk þess af því að hann áleit ekki málskostnaðinn rétt talinn, þá tók hreppstjórinn fjárnámi hjá honum

til greiðslu málskostnaðarins ýmsa lausafjármuni, er virtir voru samtals 112 kr. 50 a. og var áfrýjanda falið að geyma munina.

Áfrýjandinn hefir nú skotið til yfirdómsins úrskurði sýslumanns í bréfinu 9. jan. þ á., er fyrirskipaði fjárnámið, og fjárnámsgjörðinni sjálfri, og hefir hann krafist þess, að úrskurðurinn og fjárnámsgjörðin verði dæmd ómerk, og að gjörðarbeiðandi, ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs, eða hinn stefndi sýslumaður og fógæti, eða báðir, verði dæmdir til að greiða áfrýjanda allan kostnað málsins, svo og skaðabætur fyrir tort og lánstraustspjöll eftir réttarins mati, og ennfremur að sýslumaður og fógæti verði sektaður fyrir meðferð málsins í héraði.

Af hálfu hinna stefndu, ráðherra Íslands og sýslumannsins, hefir þess verið krafist, að málinu verði vísað frá yfirdómi, en að öðrum kosti verði þeir sýknaðir algjörlega af kærnum og kröfum áfrýjanda og hann dæmdur til að greiða þeim kost og tæringu eða málskostnað eftir réttarins mati.

Frávísunarkröfu sína byggja hinir stefndu á því, að skipun sýslumanns í bréfinu 9. jan. þ á. hafi verið utanréttargjörð og að fjárnámið 23. jan. hafi verið framkvæmt af hreppstjóra og verði því hvorugu áfrýjað til yfirdóms sem réttargjörð, enda sé hér og að ræða um fullnægingu á dómi í sakamáli, sem sé umboðslegs eðlis, en heyri ekki undir fógæta eða dómsvaldið. Það sem hér skiftir máli er það, að fullnæging sakamálsdómsins að því málskostnaðinn snerti, sem er fógætaverk og því dómsmál, var framkvæmt af hreppstjóranum eftir skipun sýslumanns, og að báðir, hreppstjóri og sýslumaður skoðuðu gjörðina sem fjárnám, sem þá verður að álit-

ast hafa verið framkvæmd í umboði og á ábyrgð sýslumannsins sem fógeta, sbr. lög nr. 3 13. jan. 1882, 5. gr. Það virðist því vafalaust, að þessari gjörð hreppstjórans mátti áfrýja fyrir yfirdóm og að sýslumaður sem hlutadeigandi fógeti ber ábyrgð á henni og er réttilega stefnt út af henni, svo og ráðherranum fyrir landsjóðsins hönd, sem málskostnaðurinn var innheimtur fyrir. Frávísunarkrafa stefndu verður því eigi tekin til greina.

Málsaðilar eru samdóma um það, að fjárnámsgjörð hreppstjórans hafi verið ólögleg, með því að fullnægingsarfrestur dómsins var eigi liðinn er hún fór fram, en með því að sýslumaður hefir þegar 28. marz þ. á., en eftir að mál þetta var höfðað, látið stefnuvotta birta áfrýjandanum bréf, dags. 9. s. m., þar sem hann úrskurðar að fjárnámið skuli ónýtt vera, og áfrýjandanum fengin í hendur aftur full umráð yfir hinum fjárnumdu muðum, er ekki þörf á frekari ómerking fjárnámsins. Það er heldur eigi upplýst af áfrýjanda, að hann hafi beðið tjón við fjárnámið, þann tíma er það stóð, og verður því sýslumaður, sem ábyrgðina bar af fjárnáminu eigi dæmdur til að greiða honum skaðabætur fyrir það, aðrar en bætur fyrir kostnað þann, er málareksturinn út af fjárnáminu, er hafinn var áður en sýslumaður ónýtti það, hefir bakað honum, og ber því hinum stefnda sýslumanni að greiða áfrýjanda í málskostnað 30 krónur.

Hinn stefnda ráðherra Íslands ber aftur á móti að sýkna algjörlega af kærum og kröfum áfrýjanda og fellur málskostnaður niður eftir atvikum að því er þá snertir.

Því dæmist rétt vera:

Ráðherra Íslands fyrir landssjóðs hönd á að vera sýkn af kærnum og kröfum áfrýjanda, og fellur málskostnaður fyrir yfirdómi niður, að því er þá snertir. Sýslumaður Lárus H. Bjarnason greiði áfrýjanda Sigurbirni Guðleifssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur, en sé að öðru leyti sýkn af kröfum hans í máli þessu.

Dóminum að fullnægja [innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 13. ágústmánaðar.

Nr. 17/1906

Jón Jónsson kaupmaður
gegn

Eggert Claessen cand. jur.

f. h. M. Weyergang í Mandal.

D ó m u r:

Hinn stefndi Eggert Claessen cand. jur. höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn áfrýjandanum Jóni frv. kaupmanni Jónssyni í Reykjavík til að fá hann dæmdan til að greiða sér f. h. M. Weyergangs timbursala í Mandal eftirstöðvar, 700 kr. 83 a. af verði timburfarms, er áfrýjandi hafði selt fyrir nefndan Weyergang. Jón Jónsson höfðaði aftur gagnsök